

29. nóvember 2012

**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Alþingi við Austurvöll**

**Umsögn: Um mál 239, um aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins**

Vísað er til erindis nefndarinnar dagsett 20. nóvember síðastliðin þar sem óskað er eftir umsögn um þingsályktunartillögu um aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins.

Samtökum fjármálafyrirtækja sýnist að hér séu á ferð hugmyndir sem fyrst voru settar fram árið 1933 af hópi hagfræðinga við Háskólann í Chicago í Bandaríkjunum með Henry Simons í broddi fylkingar. Þess er reyndar ekki getið í þingsályktuninni. Irving Fisher, hagfræðingur við Yaleháskólann í Bandaríkjunum setti fram svipaðar hugmyndir árið 1935<sup>1</sup>. Þessar hugmyndir voru síðar endurtekna af honum og fleiri hagfræðingum árið 1939 undir yfirskriftinni „A program for Monetary Reform“. Í grófum dráttum voru þessar hugmyndir tvíþættar. Annars vegar var fjallað um hvert ætti að vera akkeri peningastefnunnar, gullfótur, fast peningaframboð per capita eða stöðugt verðlag. Hins vegar hvernig mætti með endurskipulagningu bankakerfisins stuðla að því að draga úr hagsveiflum og minnka áhættu almennings af innstæðum hjá innlánsstofnunum. Fyrri atriðið varð í raun að hugmyndinni um sjálfstæðan seðlabanka með verðbólguþryggingum sem varð ráðandi tíska í heiminum á seinni hluta 9. áratugar síðustu aldar.

Grunnhugmyndin hvað seinna atriðið varðar, var að skuldbinda innlánsstofnanir til þess að varðveita öll óbundin innlán sem seðla og mynt. Þannig töldu talsmenn þessara hugmynda að stuðlað væri að stöðugleika í framboði peninga og útlána, tók seðlabanka á framboði peninga ykjast og líkur á bankaáhláupum myndu verða hverfandi. Útlán banka yrðu framvegis fjármögnuð með bundnum innlánnum, eigin fé og lántökum.

Þessar hugmyndir náðu ekki fótfestu í Bandaríkjunum á fjórða áratugnum og með setningu bankalaganna 1933 (Glass –Steagall), og með endurbótum á þeim 1934 og 1935, var trú almennings í Bandaríkjunum á bankakerfinu endurreist meðal annars með ákvæðum laganna um innstæðutryggingar og innstæðutryggingakerfið (Federal Deposit Insurance Corporation, FDIC<sup>2</sup>).

<sup>1</sup> 100% Money, Irving Fisher 1935

<sup>2</sup> Lögin heimila að FDIC að: a) að ráðstafað innstæðum innlánsstofnunar sem kemst í þrot til annar innlánsstofnuna og greiða fyrir yfirtöku skuldbindingarinnar með eignum úr þrotabúinu. Aðrar eignir eru seldar á uppboði til greiðslu annarra krafna. b) greiða út tryggðar fjárhæðir vegna innstæðna en selja eignir þrotabúsins til að mæta kostnaði við innstæðutryggingar. Leið a) er algengust og hún hefur forgang umfram leið b). FDIC hefur starfað án ríkisstuðnings frá upphafi en fékk upphaflega lán frá ríkissjóði Bandaríkjanna (289 m.USD) .

Einhver umræða hefur verið um þessar hugmyndir á ný eftir að núverandi fjármálakreppa skall á árið 2007. Þær hafa hins vegar ekki fengið brautargengi hjá þeim aðilum sem mest áhrif hafa haft til að móta viðbrögð við fjármálakreppunni. Aðilar eins og G20 landahópurinn sem samhæfir viðbrögð á alþjóðavettvangi, Alþjóðagreiðslubankinn í Basel sem leitt hefur vinnu að nýjum eigin- og lausafjárreglum, Evrópusambandið (ESB) eða stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa ekki tekið þær upp á sína arma. Þá hafa sérfræðingahópar eins og Vickers nefndin í Bretlandi og Liikanen nefndin á vegum ESB sem starfað hafa á undirförnum misserum við athuganir á endurskipan fjármálakerfa ekki sýnt þessum hugmyndum áhuga.

Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja hlýtur skipan fjármálakerfisins hér á landi að taka mið af því sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Bæði vegna skuldbindinga okkar vegna EES og til þess að tryggja sambærilega fjármálaþjónustu hér á landi og gengur og gerist á EES svæðinu. Af þeim sökum telja Samtökin tilgangslítið að hleypa af stökkunum hér á landi athugun á kostum og göllum þessara hugmynda.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Yngvi Örn Kristinsson'.

Yngvi Örn Kristinsson SFF